

FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

Atenolol Mylan 25 mg, 50 mg og 100 mg töflur

Atenolol

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að taka lyfið.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita ef vart verður aukaverkana sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um:

1. Hvað Atenolol Mylan er og við hverju er það notað
2. Áður en byrjað er að taka Atenolol Mylan
3. Hvernig á að taka Atenolol Mylan
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig á að geyma Atenolol Mylan
6. Aðrar upplýsingar

1. HVAD ER ATENOLOL MYLAN OG VIÐ HVERJU ER ÞAÐ NOTAÐ

Atenolol Mylan er lyf sem tilheyrir hópi svokallaðra beta-blokkara. Beta-blokkar minnka vinnuálag hjartans og hjálpa því við að slá reglulega. Atenolol Mylan lækkar of háan blóðþrýsting og linar brjóstverk (hjartaöng).

2. ÁÐUR EN BYRJAÐ ER AÐ TAKA ATENOLOL MYLAN

Ekki má taka Atenolol Mylan

- ef þú ert með ofnæmi fyrir atenolol eða einhverju öðru innihaldsefni Atenolol Mylan.
- ef þú ert með alvarlega starfstruflun í hjarta.
- ef þú ert með of lágan blóðþrýsting.
- ef þú ert með lungnateppu.
- ef þú ert með berkjuastma.

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Atenolol Mylan

- ef þú ert með sykursýki. Lyfið getur falið einkenni blóðsykurskorts hjá sykursjúkum.
- ef þú vilt hætta að taka lyfið. Hættulegt getur verið að stöðva skyndilega töku Atenolol Mylan, leitaðu því til læknis sem hjálpar þér að minnka skammtinn smám saman.

Notkun annarra lyfja:

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita ef önnur lyf eru notuð eða hafa verið notuð nýverið, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils.

Gæta skal varúðar ef samtímis eru tekin lyf við of háum blóðþrýstingi eða hjartsláttartruflunum.

Ef Atenolol Mylan er tekið með mat eða drykk

Atenolol Mylan má taka með mat eða eitt og sér.

Meðganga og brjóstgjöf

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð á meðgöngu. Hugsanlegt er að lyfið hafi áhrif á fóstur.

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð samhliða brjóstgjöf. Lyfið berst í brjóstamjólk en verkun á barnið ekki talin líkleg. Leitaðu samt ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi ef þú ætlar að nota Atenolol Mylan meðan þú ert með barn á brjósti.

Akstur og notkun véla:

Atenolol Mylan hefur engin áhrif á akstur eða stjórnun vinnuvéla.

3. HVERNIG Á AÐ TAKA ATENOLOL MYLAN

Notaðu lyfið alltaf eins og læknir hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá lækni eða lyfjafræðingi.

Takið lyfið með einu glasi af vatni og best er ef það er alltaf tekið á svipuðum tíma sólarhringsins.

Venjulegur skammtur af Atenolol Mylan er 50-100 mg einu sinni á dag.

Lyfjameðferð er yfirleitt haldið áfram í nokkra mánuði, jafnvel nokkur ár.

Leitaðu til læknis eða lyfjafræðings ef þér finnst áhrifin af Atenolol Mylan vera of mikil eða of lítil.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er tekinn:

Hætta er á að blóðþrýstingur lækki of mikið, hjartað slái hægar og mögulega getur sjúklingur endað í losti. Séu teknir skammtar sem eru mun stærri en tilgreindir eru eða læknir hefur mælt fyrir um, þá skal samstundis leita læknis og/eða neyðarmóttöku spítala.

Ef gleymist að taka Atenolol Mylan:

Ef þú gleymir að taka einn skammt, taktu þá skammtinn eins fljótt og þú getur og næsta skammt á sama tíma og venjulega. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

4. HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR

Eins og við á um öll lyf getur Atenolol Mylan valdið aukaverkunum, þó ekki hjá öllum.

Helstu aukaverkanir Atenolol Mylan eru: Þreyta, vöðvapreyta, hand- og fót kuldi, svimi. Svefntruflanir. Höfuðverkur, þunglyndi.

Látið lækning eða lyfjafræðing vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

5. GEYMSLA ATENOLOL MYLAN

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið lyfið við stofuhita.

Ekki má nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem er á öskju.

Ekki á að fleygja lyfjum í skólplagnir eða heimilissorp. Spurðu lyfjafræðing hvernig heppilegast er að losna við lyf sem ekki þarf að nota lengur. Þessar aðgerðir eru til þess að vernda umhverfið.

6. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hvað inniheldur Atenolol Mylan

Virka innihaldsefnið er Atenolol 25 mg, 50 mg eða 100 mg

Önnur innihaldsefni eru Kalsíumhýdrógenfosfat. Magnesíumstearat. Þungt magnesíumkarbonat. Natríumsterkjúglykólat. Vatnsfrí kísilkollóíð. Titaniumtvíoxíð (E171).

Útlit Atenolol Mylan og pakkningastærð:

Útlitslýsing á lyfjaforminu:

25 mg: hvítar filmuhúðaðar töflur, 7 mm í þvermál, merktar AT 25 á annarri hliðinni og G á hinni.

50 mg: hvítar filmuhúðaðar töflur, 8 mm í þvermál, merktar AT 50 á annarri hliðinni og G á hinni.

100 mg: hvítar filmuhúðaðar töflur, 10 mm í þvermál, merktar AT 100 á annarri hliðinni og G á hinni.

Lyfið er fáanlegt í eftirtöldum styrkleikum og pakkningastærðum:

25 mg: 98 stk., 250 stk.

50 mg: 98 stk., 250 stk.

100 mg: 98 stk., 250 stk.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu á markaði.

Markaðsleyfishafi:

Mylan AB

Box 23033

104 35 Stokkhólmur

Sími: +46 8 555 22 750

Fax: +46 8 555 22 751

Netfang: inform@mylan.se

Framleiðandi:

Gerard Laboratories Ltd.

Bardoyle Industrial Estate

Dublin 13, Írland.

Umboðsaðili:

Actavis Group PTC ehf.

Dalshraun 1

220 Hafnarfjörður

Frekari upplýsingar

Ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið, vinsamlegast hafið þá samband við fulltrúa markaðsleyfishafa.

Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur í janúar 2009.